



Skíðablaðið

Skíðablaðið er gefið út af Skíðafélagi Ísfirðinga til styrktar fjölbreyttu unglungastarfi þess.



Hjartanlega velkomin á
„Dalina tvo“
skíðasvæði Ísfirðinga



www.isafjordur.is/ski

SKÍÐABLAÐIÐ 2003

Útgefandi:

Skíðafélag Ísfirðinga

Ritstjóri og ábm.:

Pálína Vagnsdóttir

Ritnefnd:

Geir Sigurðsson

Jóhann Torfason

Jónas Gunnlaugsson

Sigríður Kristjánsdóttir

Þórunn Snorradóttir

Skíðavikunefnd:

Elfar Logi Hannesson

Jónas Gunnlaugsson

Kristinn Nielsson

Málfríður Hjaltadóttir

Rúnar Óli Karlsson

Framkvstj. Skíðaviku 2003:

Sigríður Kristjánsdóttir

Upplýsingar um Skíðaviku:

www.skidavikan.is

Umbrot og prentun:

H-prent ehf.

**Styrktaraðilar
Skíðaviku****Bílaverkstæði
Ísafjarðar ehf.**

Seljalandsvegi Ísafirði s:456 4444

**Ferðaþjónusta
Margrétar og Guðna ehf.
Gamla gistihiðið**

Mánagötu 5, Ísafirði s: 897 4146

Kvótaumsýslan

Hafnarg. 37 Bolungarv. s:450 7909

**Verslun Bjarna
Eiríkssonar**

Hafnarg. 81 Bolungarv. s:456 7300

Víkurbúðin Súðavík

Aðalgotu 1, Súðavík, s: 456 4981

Póls hf

Sindragötu 10, Ísafirði, s: 456 4400

Jónas Gunnlaugsson

Veðráttan á Íslandi hefur ekki verið hagstæð skíðafólki. Við Ísfirðingar höfum ekki farið varhluta af því. Við höfum þó verið betur staddir en mörg önnur sveitafélög. Nýjasta lyftan okkar, þ.e. Miðfellslyftan, hefur nýst vel í veturn, sé tekið tillit til snjóalaga. Þá hafa þær jarðvegsframkvæmdir sem unnar voru á skíðasvæðinu síðastliðið sumar sannað sig. Þarna á ég við bæði skíðasvæðið í Tungudal og göngusvæðið á Seljalandsdal. Eftir reynsluna í veturn af jarðvegsframkvæmdum s.l. árs er ljóst að við verðum að halda áfram á sömu braut og af meiri krafti en áður. Einnig hafa snjógirðingarnar sem reistar voru í haust komið vel út. Við skíðaáhugafólk verðum að vera dugleg að reysa fleiri girðingar í sumar og haust. Þetta eru stærstu framkvæmdirnar sem við þurfum að ráðast í til að skíðasvæðin okkar verði sem best undirbúin fyrir Skíðamót Íslands, sem haldið veður hér á Ísafirði 2. – 4. apríl 2004.

Á næsta ári verða einnig liðin 70 ár frá stofnun Skíðafélags Ísfirðinga. Undirbúningur er þegar hafinn til að minnast þessara tímamóta. Áætlanir gera ráð fyrir að Skíðamót Íslands, afmælishátið Skíðafélagsins og Skíðavikan 2004 renni saman í 10 daga hátíðarhöld.

Að æfa skíði í tíðarfari eins og það hefur verið í veturn þarf þolinmæði og þrautseigju. Það er ekki bara að taka með sér sundföt og handklæði í poka og labba niður í Sundhöll, eða setja strigaskó og íþrótagalla í tösku og fara í Íþróttahúsið, þar sem gólfíð er alltaf eins og hitinn alltaf sá sami. Nei, eins og veðráttan hefur verið í veturn hafa engir tveir dagar verið eins. Þetta hefur ekki verið spurning hvort það verði tveggja eða sex gráðu frost á morgun, eða hvort það verði svig- eða stórvigsæfing, heldur hvort það verði opið eða ekki, hvort æfingin verði á skíðasvæðinu eða á Sjúkrahústúninu. Þannig hefur þetta verið hjá þeim sem æfa alpагreinar.

Æfingar hjá þeim sem æfa göngu hafa gengið betur þar sem snjór hefur verið í allan veturn á göngusvæðinu.

Mér finnst það að dáunarvert hversu duglegir krakkarnir og unglingsarnir, sem æft hafa hjá Skíðafélaginu í veturn, hafa verið að stunda sínar æfingar við erfiðar aðstæður.



Þáttur þjálfaranna er stór við svona aðstæður. Allar æfingaáætlanir riðlast og erfitt að vita hvort æfingin næsta dag verði á skíðum eða grasi. Einnig að halda áhuga krakkanna á verkefni vetrarins.

Skíðavikan í ár verður með öðrum hætti en við vildum. Vegna snjóleysis verðum við að breyta dagskránni og færa dagskráliði til. Það verður að koma í ljós hvort flytja þurfi eitthvað af þeim dagskráliðum sem fara eiga fram á skíðasvæðinu niður á Silfurtorg. Við skulum ekki láta veðráttuna koma í veg fyrir að við höldum okkar Skíðaviku. Sum bæjarfélög halda fjölskylduhátiðir að sumri til, en við skulum halda í okkar áratuga hefð og halda okkar fjölskylduhátið um páskana. Skíðvikan er fjölskylduhátið okkar Ísfirðinga.

Ég vona að allir finni eitthvað við sitt hæfi í dagskrá Skíðavikunnar, sem birt er í miðopnu þessa blaðs. Þar eru í boði nýjungar eins og ferð í Jökulfirði og önnur á Drangajökul. Menningardagskráin er fjölbreytt að vanda og ber þar að sjálfsögðu hæst sýningar á Söngvaseið. Hefðbundnir dagskráliðir eins og messan, furðufatadagurinn og grillið á föstudaginn langa, páskaejjakeppni Samskipa á laugardeginum og garpakeppnin á páskadag eru einnig á sínum stað í dagskránni.

Ég vil að lokum bjóða alla velkomna á Skíðavikuna 2003 og vona að við eigum skemmtilega dag í vændum.

*Jónas Gunnlaugsson,
formaður SFÍ*

Skíðin sameina

**Örnu Sigríði
Albertsdóttur og
Ingibjörgu Elínu
Magnúsdóttur**



Arna Sigríður Albertsdóttir og Ingibjörg Elín Magnúsdóttir.

Hversu vel þekkjum við í raun þá sem við umgöngumst næstum daglega? Arna Sigríður Albertsdóttir og Ingibjörg Elín Magnúsdóttir eru vinkonur og jafnöldrum báðar 12 ára. Þær hafa þekkst frá sex ára alðri, allt frá því að þær fóru að fara, litlar stelpur, á skíði upp á Seljalandsdal. Í gegnum árin hefur vináttusamband þeirra að mestu haldist einungis í gegnum skíðin þar sem báðar stunda skíðaæfingar 4-5 sinnum í viku. Þó að þær séu jafn gamlar

þá eru þær í sitt hvorum bekknum í Grunnskóla Ísafjarðar. Fyrir utan skóla eru þær saman í Kristalkór Tónlistarskóla Ísafjarðar. Arna ber út Dagblaðið, Ingibjörg ber úr Morgunblaðið. Það var í raun bara ein leið til að finna út hversu vel þær þekkja hvor aðra. Það var að leggja fyrir þær sömu spurn-ingarnar, í sitt hvoru lagi, og þeim þurftu þær að svara fyrir sig sjálfar og vinkonu sína.

Sætir stákar geta síðan borið svörin sin

saman við svör þeirra og ef niðurstaðan er jákvæð, geta þeir gert hosur sínar grænar fyrir þessum bráðfallegu, duglegu og hæfileikaríku stelpum. Þær eru enn á lausu en það borgar sig sennilegast að flýta sér hægt í konuvalinu, nægur er tíminn. Strákar munið samt að bestu bit-arnir fara oftast fyrst!!! Spurningarnar og svörin sjáid þið hér að neðan. Vonum að þið hafið gaman af.

Arna um sig

Litur: Bleikur
Dýr: Köttur
Sætasti strákur: Leyndó
Skó nr.: 38
Skíðamerki: Rossignol
Draumur: Að verða rokkstjarna
Erl. tónlistarm.: Atomic Kitten
Besti ferðamáti: Snekkjusigling
Sjónvarpsþáttur: Osbournes
Sælgæti: Lakkrís
Ísl. tónlistarm.: Írafár
Skartgripur: Silfur
Blóm: Peningablóm
Staður: Sveitin hjá ömmu og afa
Borg: New York
Mannsefni: Bill Gates

Ingibjörg um Örnu

Litur: Blárr
Dýr: Kisa
Sætasti strákur: David Beckham
Skó nr.: 36 1/2
Skíðamerki: Rossignol
Draumur: Að verða skíðadrottning
Erl. tónlistarm.: Coldplay
Besti ferðamáti: Flug v/bílveik
Sjónvarpsþáttur: Friends
Sælgæti: Draumur
Ísl. tónlistarm.: Írafár
Skartgripur: Silfur
Blóm: Rós
Staður: Akureyri
Borg: París
Mannsefni: Mario Matt

Ingibjörg um sig

Litur: Bleikur
Dýr: Páfagaukur
Sætasti strákur: Brad Pitt
Skó nr.: 42 2/3
Skíðamerki: Dynastar
Draumur: Að verða rokkstjarna
Erl. tónlistarm.: Eminem
Besti ferðamáti: Bíll v/flughraedd
Sjónvarpsþáttur: Friends/Survivor
Sælgæti: Bland í poka
Ísl. tónlistarm.: Írafár
Skartgripur: Silfur
Blóm: Túlípani
Staður: Gullfoss/Geysir
Borg: London
Mannsefni: Hanni í Írafári

Arna um Ingibjörgu

Litur: Blár
Dýr: Hundur
Sætasti strákur: Brad Pitt
Skó nr.: 41
Skíðamerki: Dynastar
Draumur: Að verða atvinnuskíðakona
Erl. tónlistarm.: Cristina Aqulera
Besti ferðamáti: Rúta v/flughraedd
Sjónvarpsþáttur: Friends
Sælgæti: Bland í poka
Ísl. tónlistarm.: Rottweiler
Skartgripur: Silfur
Blóm: Kaktus
Staður: Fjallþorp á Ítalíu
Borg: Reykjavík
Mannsefni: Svampur Sveinsson

Torfi Einarsson

Antisportistinn

Þegar ég var strákur fylgdumst við „púkarnir“ meira með veiði aflakónganna en með íþróttum. Stundum held ég meira að segja að ekki hafi verið búið að finna upp sportið á þessum árum, og þó það var auðvitað glíma og svo fótboltinn Hörður og Vestri. En við „púkarnir“ á bökkunum fylgdumst með aflanum og keppnin fólgst í því hver hefði betur Geiri Bjartar eða Hörri. Það var ekki minna sport að fá lánaða í leyfisleysi einhverja skektuna eða prammann og sanna karlmennsku sína. Þetta var og er að mínu mati sannkallað „sport“.

Síðustu 20 – 25 árin hef ég átt báta bæði hraðbáta og seglbáta, og í mínum huga felst sportið í seglbátum. Í dag á ég skútu, svo sem enga snekkju en alveg ljómandi fyrir mig og fjölskylduna. Yndislegt að „dumma“ út á djúpið, veiða fisk og hlusta á kyrrðina. Siglingar eru í raun konungleg íþrótt samanber Hrafnistumenn í Noregi sem biðu aldrei byrjar heldur höfðu leiði

hvert sem þeir vildu fara. En sjálfur lít ég ekki á siglingar sem íþrótt né stunda þær sem yfirsken í líkamsræktarátaki og alls ekki til að keppa við einn eða neinn heldur aðeins sem hreina og beina skemmtun.

Ég hef nokkuð velt því fyrir mér hvort íþróttir stjórnist af hjarðmennsku þar sem hver apar eftir öðrum og telur sér trú um að þetta sé bæði hollt og gott samanber knattspyrnu að ég tali nú ekki um skokkið. Veslings hlaupararnir sem ég mæti á hverjum degi á Hnífsdalsveginum, hvernig sem viðrar. Æ, ég get ekki annað en kennt í brjóst um þá.

Mér finnst ósköp notalegt að setjast niður og horfa á sjónvarp og slaka á. En ef þannig vill til að íþróttir eru á dagskrá sérstaklega fótboldi sem mér finnst afspyrnu leiðinlegur, þá stand ég upp, set á lúðrasveitartónlist og skúra yfir öll gólf og hlýt að launum góðan koss og jafnvel væna björkollu. Þetta er sport! Æ, kannski er þetta allt spurning um sjónar-



mið. Hvað er íþrótt? Maður hefur lesið í gömlum krónikum að mikilsmetin íþrótt væri að geta sagt góðar lygasögur. Laxness getur um í Gerplu þeir Grænlendingar voru ákaflega fákunnandi þeirrar íþróttar að drukkna í sjó á húðkeipum sínum”.

Föðurfyrirmynd? Að börnin mín lærir siglingar, tónlist og þá helst á togspil, dragspil eða söng. Nei, þau mega gera það sem hugar þeirra girmist og við foreldrar þeirra fylgjum þeim örugglega eftir. En svona svo ég gleymi því ekki, til hammingju með Skíðavíkuna og Gleðilega pásku.



AHA!

Vilt þú styrkja byggðir landsins ?
Verslar þú í heimabyggð ?

Bjóðum íslenska málningu frá MÁLNING hf.

APRÍLTILBOÐ

Spónaplötur, grindarefni, panel, einangrun, sólbekkir, borðplötur
Krossviður - límtré - gluggar inni/úthurðir -
Hreinlætis- og blöndunartæki

BYKO

**Núpur ehf. sterkt afl í
heimabyggð!**
Ljóninu, Skeiði www.nupur.is

Teppi dúkar
parket - mottur
TEPPALAND

Eldhús-og
baðinnréttigar
Fataskápar
Hér og Nú

Ringo innihurðir
Kahrs parket
Terhurne þiljur
Egill Ámason hf.

...einkapjálfari Bill Gates



Loftur, Arnar, Óskar og Kristinn Gauti.

Það var notalegt andrúmsloftið á efri hæð Gamla Apóteksins þegar fjórir ungar og efnilegir skíðakappar hittu blaðakonu Skíðablaðsins í léttu spunaviðtali. Það reyndist nefnilega verða þannig að grípa þurfti það sem sagt var á lofti því þessir ungu skíðagarpar reyndust svo hæverskir. Þessir glaðbeittu ungu menn eiga það sam-eiginlegt að vera ekki af skíðafjölskyldum komnir.

Parna voru saman komnir þeir **skíðafélagarnir og vinirnir** Kristinn Gauti Einarsson sonur Guðrúnar Bjarnveigar Magnúsdóttur og Einars Jónatanssonar, Arnar Friðrik Albertsson sonur Alberts Högnasonar og Gunnhildar Gestsdóttur, Loftur Gísli Jóhannsson sonur Jóhanns Ólafssonar og Kolbrúnar Benediktsdóttur og Óskar Águst Albertsson sonur Alberts Óskarssonar og Sigfriðar Hallgrímsdóttur.

Fyrst langaði mig að vita hvort þeir hefðu þekkst áður en þeir fóru að æfa skíði.

Arnar: Ég og Loftur erum búnir að þekkjast frá því við vorum eins árs.

Kristinn Gauti: Vinur minn frá Bolungarvík Tómas Sölvason var að æfa og það var örugglega ástæðan fyrir því að ég fór að æfa, þannig kom ég inn í hópinn.

Óskar: Ég vissi bara hverjir strákarnir voru en kynntist þeim ekki fyrr en við fórum að æfa saman.

Loftur: Það bætir, hressir og kætir að æfa saman skíði, styrkir vináttuna..., hinir eru sammála því.

Kristinn Gauti: Bara fint, svo gott að ég man eiginlega ekkert eftir því.

Allir voru strákarnir frekar ungar þegar þeir stigu fyrst á skíði þó að fyrsta

skíðaminningin virðist eitthvað dauf í hugskotssjónum þeirra og þó...

Kristinn Gauti: Ég man svo vel eftir því þegar ég fór fyrstur einn í lyftuna uppi á Seljalandsdal. Ég man það örugglega svona vel af því að ég var svo montinn með það eða eitthvað.

Óskar: Pabbi var alltafað vinna uppi á skíðasvæði og þá fylgdi ég bara með eins og nestispokinn. Og hann er enn á svæðinu með nestispokann.

En voruð þið aldrei hræddir á skíðum?

Arnar: Ég man nú ekkert eftir því sjálfur en mamma segir mér reglulega sögur af því að ég hafi ekki þorað á skíði sem krakki, ótrúlegt.

Loftur: Ég man ekki eftir hræðslu á skíðum eða eftir fyrstu skíða-minningunni, ég hlýt bara að vera smá hugaður.

Hvað þarf eiginlega strákar til að nenna þessu skíðabrélti?

Óskar: Bara að vera nóg ruglaður.

Kristinn Gauti: Ekki Guðmund!!!

Loftur: Bara áhuga!!

Kristinn Gauti: Já, áhugi og metnaður er það sem þarf. Maður þarf líka að vera léttur adrenalínsfíkill.

Arnar: Bara að vera áhugasamur og hafa vilja til geta eitthvað á skíðum. Það fer enginn á okkar aldri að byrja að æfa skíði.

Loftur: Ef maður byrjar að æfa skíði svona seint þá sker maður sig svo út úr hópnum!!

Er það bara ekki allt í lagi, þið skerið ykkur hvort sem nú þegar úr, fjórir gæjar að æfa alpagreinar úr 8., 9., og 10. bekk á öllu svæðinu !!

Loftur: Það er svo sem enginn hópur til að skera sig úr.....

Óskar: Þetta er ekki spurningin um að skera sig úr, nei, heldur reynum við að

falla inn í hópinn og eins og áður skell beir upp úr við skemmtileg orðatiltæki Óskars.

Hér áður fyrr var talið niður í startinu, 5, 4, o.s.frv. en nú er það start stöngin sem kemur klukkunni af stað? Hvað er maður að hugsa í startinu?

Loftur: Maður hugsar bara um að komast niður....

Óskar: ...um næstu tvær til þrjár beygjur...

Kristinn Gauti: Það kemur meira að segja stundum upp í hugann hvort maður byrji á vinstri eða hægri beygju..... og skellihlátur þenur veggina. Þar er Loftur í fararbroddi eins og svo oft áður.

Kemur allt þetta skíðabrélt til með að skila ykkar einhverju góðu í framtíðinni?

Kristinn Gauti: (dreyminn) Já ekki spurning, svo fer maður út og gerist skíðakennari á Ítalíu...

Óskar: ...eða gerist einkapjálfari Bill Gates.

Loftur hlátur mildi springur rétt einu sinni.

Kristinn Gauti: Maður ætti að verða ríkur á því.

Arnar: Annars er ég ekkert viss um að Bill Gates kunni einu sinni á skíði!!!

Óskar: Maður gæti allavegana unnið Garpamótið þegar maður hefur aldur til.

Sjáð þið fyrir ykkur að skíðakennsla gæti orðið sóknarfæri fyrir ykkur Vestfirsku toppdrengina?

Óskar: Það er aldrei að vita, fer nú eftir hvar þessir stórlaxar búa. Ekki fer maður að kenna olíufursta í Indónesíu eða Osama Bin Laden á skíði.

Pegar ég var ung var Ingimar Stenmark goðið, hver eru goðin í dag? Eigið

SKÍÐABLAÐIÐ 2003

þið ykkur fyrirmynnd ?

Kristinn Gauti: Alberto Tomba var fyrirmyndin míni þegar ég var líttíl því hann var sá eini sem ég þekkti. Ég skírði meira að segja bangsann minn Alberto Tomba.

Óskar: Eina konan sem maður tekur eftir að geti eitthvað á skíðum er Janica Kostelic frá Króatiú. Hún er nú samt ekki sérstaklega kvenleg. Þeir sem eru að gera það best í dag eru Stefan Eberharter og Hermann Maier.

Arnar: Það er annars alltof lítið sýnt frá skíðaþróttinni í sjónvarpinu. Það eru bara sýnd brot af ferðunum niður...

Kristinn Gauti: ...og síðan bara myndir af fólkiniu fagna.

Talið berst að hvert og hversu oft þeir hafi farið erlendis.

Kristinn Gauti: Ég hef farið fimm sinnum á skíði til útlanda, til Ítalíu og Austurríkis.

Óskar: (grípur andann á lofti) Fimm sinnum. Ég hef nú bara farið einu sinni til útlanda, bara til Pýskalands að heimsækja frænku mína.

Loftur: (bætir við hlægjandi) Ég hef farið tvívar til útlanda, til Spánar og Úganda og í annað skiptið flutti ég.

Og hvert fluttir þú ?

Loftur: Til Úganda, þabbi var að vinna þar í þróunarvinnu.

Arnar situr hljóður og hlustar á hina. En hvað segir Arnar?

Arnar: Allt fínt.

Hvert hefur þú farið ?

Arnar: Eitthvað fjórum sinnum út til Spánar Bandaríkjanna, Portúgals og til Marokkó í Afríku.

Við leiðum hugann aftur hingað vestur og ég spryr, vitið þið hverjir hafa gert það best á skíðum héðan að vestan? ...þeir fara að telja upp og það er gripið á lofti.

Hafsteinn, Addi Kalli, Sigga Láka, Ásta.....

En hvernig gengur ykkur ?

Arnar: Bara vel.

Loftur: Við erum ekki bestir.

Kristinn Gauti: Bara svona „meðal Ljónar.“

Óskar: Það eru svo margir búnir að hæta síðan maður var 8 ára á Andrésar-leikunum.

Hafið þið allir farið á Andrés ?

Vestfirsku Daladrengirnir svara í takt: Já.

Eru Andrésar Andar leikarnir „elít-an“ í innanlandsmótum ?

Arnar: Já fyrir 12 ára og yngri svo er það Unglingameistaramótíðsem tekur við fyrir okkar aldur.

Náið þið alltaf að komast niður brekk-

una ?

Loftur: Já, svona í flest skiptin. Peir hafa reynt sig á gönguskíðum og sjóskíðum og ég spryr hvort þeir séu jafnvígir þar.

Loftur: Ég viðurkenni reyndar að hafa næstum því flogið strax á hausinn þegar ég prufaði sjóskíðin.

Imynd míni af skíðamönnum er að þeir séu hraustir, drífandi, brúnir, sælegir og sætir.

Arnar: Brúnir og sætirekki ég. Ef ég er voða mikið á skíðum þá verð ég bara bleikur á nefinu.

Pú ert þá kannski á góðum vetri, sem kemur snemma, eins og Rúdólf með rauða nefið um Jól ?

Arnar: Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því, það kemur aldrei snjór fyrir jól.

Óskar: (hugsi) Já ef veturinn kemur snemma já. Við höfum sko ekki farið á skíði fyrir jólin síðan 1995 þegar snjóflóðin í fellu á Súðavík og á Flateyri.

Kristinn Gauti: Þegar flóðið felli í Seljanlandsdal fóru allar lyfturnar með græna, rauða og háa.

Umræðan er um tíma um snjó og snjóflóðin. Drengirnir eru hljóðlátir og hugsi um tíma eftir þá umræðu en komast aftur á skrið. Það er notalegt að heyra í þeim lágt malið. Þeir tala lágt en ég reyni þó að pikka upp þráðinn úr samtölunum á milli þeirra. Um hvað eru þið að tala ?

Óskar: Við erum bara að tala um skíðalyfturnar.... og alltaf er stutt í hláburinn hjá þessum drengjum.

Óskar: Ég var að hugsa um þegar ég festi hanskann minn einu sinni við járnrörið í gömlu lyftunni og þegar ég fann að hanskinn var við það að festast við járnrörið þá varð ég að prufa að festa puttana líka!!

Hinir kannast greinilega líka við að hafa prufað þetta. Við rifjum áfram upp skondin atvik.

Arnar: Ég man eftir því að Loftur festist einu sinni með tunguna við staur á leikskólanum.

Loftur hugsar honum þegjandi þörfina.

Kristinn Gauti: Hver var það aftur sem datt úr stólarlystu á Akureyri og hékk í henni? Var það ekki Einar Ási?

Loftur: Ég lendi ekki í neinu fyndnu það eru bara þeir sem lenda í einhverju fyndnu og ég hlæ að þeim.

Óskar: Jú þú tókst nú skíðin með þér til Úganda!!!

Arnar: Pú manst líka þegar ég, þú og Páll Janus Pórðarson vorum einu sinni að renna okkur ofan af Seljalandsdal og í

bæinn. Loftur renndi sér á þennan lík harðskeytta stein. Hélt að þar væri grashóll með snjó yfir og ætlaði að stökkva, við vorum nefnilega búnir að vera að stökkva allan daginn. Loftur fór í þetta sinnið þetta fína heljarstökk, var á svolítið mikilli ferð.

Minningarnar vekja hláburinn hjá vinum.

Kristinn Gauti: Ég festist einu sinni í lyftunni og lyftan dró mig upp og yfir risa bakka alveg efst. Ég fór næstum heilan hring með henni en þá gaf úlpan sig loksins.

Varstu farinn að fara með bænirnar?

Arnar: Það er enginn tími til þess.

Kristinn: Nei, reyndar ekki, bara farinn að hugsa um hvernig ég losnaði út úr þessu.

Við ræðum um Dalina two, hvernig eru þeir í samanburði við aðra staði. Allir eru þeir sammála um ágæti þeir og segja að í rauðu brekkunni sé ein besta stórvigsbrekka á landinu.

Arnar: (hnýtir við) ...ef það er snjór.

Hvernig er það, talið þið bara um skíði og tækni þegar þið hittist?

Loftur: Bara á milli okkar.

Kristinn Gauti: Annars gætum við drepið aðra vini okkar úr leiðinum með þeirri umræðu.

Arnar: Hugsaðu þér. Ég, Óskar og Loftur erum bara einu strákarnir í 8., 9. og 10. bekk hér á Ísafjörði að aðfa skíði.

Kristinn Gauti: Og það eru bara tveir að aðfa alpagreinar úti í Bolungarvík, ég og Heiða.

Óskar: Pældu í því að það er enginn að keppa á skíðum sem er 11 ára.

Pekkið þið einhvern sem er að gera það gott á skíðum á Íslandi í dag?

Arnar: Ég og Óskar pekkjum einn, en hann þekkir okkur ekki!!

Kristinn Gauti: Maður kannast við nokkra...

Óskar:talar kannski eitthvað smá við þá á mótmum.

Af hverju haldið þið að séu svona fáir á ykkar aldri að aðfa skíði, er samkeppn-in við aðrar greinar kannski svona mikil?

Óskar: Það eru bara allir á brettum nána. Það þykir svo púkalegt að vera á skíðum.

Kristinn Gauti: Í raun er það frekar mikil heimska að aðfa skíði.

Pannig að þið eruð þá hálfgerðir Vestfirskir „skíðanördar“?

Arnar: Neiiiiiii.

Óskar: Mikið rétt, mikið rétt.

Hverjir eru framtíðarskiðadraumarnir?

Kristinn Gauti: Nú að fara til Ítalíu og verða skíðakennari, og það er sérstakt blik í augunum á honum þegar hann segir draum sinn.

Arnar:að kenna Bill Gates... það blikar á dollaramerkið.

Kristinn Gauti:ef hann verður ekki dauður.

Talið berst að tíma og undirbúningi.

Loftur: Það er mikið meiri undirbúnningur hjá okkur en í öðrum íþróttagreinum....nema kannski í göngunni..

Óskar: Það þarf að bera undir; brýna, skafa, burst og halda bara skíðunum í góðu lagi.

Kristinn Gauti: Smella helvítis klossunum, koma þreyttur heim af æfingu en fara samt með skíðin eins og kvenmann.

Arnar er spurður hvort hann hafi átt marga kvenmenn... í formi skíða ?

Arnar: Nei, ekki svo marga.

Hvað ræður valinu á skíðum, tegundum, eru það tískusveiflur ?

Loftur: Bara gæðin og hvað hentar hverjum einstaklingi.

Óskar: Ef þú átt t.d. góð skíði frá 1997, þá var allt önnur tækni en í dag sem gerir þá kröfur um ný sett.

Kristinn Gauti: Það breytist nefnilega eitthvað á hverju ári. Við eyðum örugglega meiri pening í græjur en margir aðrir íþróttamenn.

Óskar: Örugglega meira en t.d. Örn Arnarson þó að hann sé í svona hákarlabúning sem kostar 24 þúsund kall.

Eitthvað að lokum ?

Arnar: Þið þarna úti, farið þið bara að æfa skíði.

Kristinn Gauti: Skíði eru ekki hobbyrir nörla. Það er svo púkalegt að vera á skíðum og kunna ekkert á skíði.

Óskar: (Sannfærandi) Það er ekkertasnalegt að vera á skíðum. Það er bara ekkert púkalegt að vera á bretti og kunna ekki neitt.

Strákar einhver hugmynd að fyrirsögn á viðtalini þá grípur grínistinn til þessarar skemmtilegu söngvakeppnissetningu sem öllu tröllriður þessa dagana.

Óskar: ..erfitt að segja.

Hinir bæta við:

„no comment.“

Við látum þetta verða lokaorðin. Skíðablaðið óskar þessum ungu, sætu „Daladrengjum“ alls hins besta í framtíðinni. Hver skyldi hreppa þessi góðu hnoss ?

Njóttu dagsins

Taktu flugið

Flugfarið kostar alltaf

aðeins **1500** kr.* aðra leiðina
fyrir börn yngri en 12 ára ef þú bókar á netinu.

Njóttu dagsins - taktu flugið með alla fjölskylduna.

flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fplús

borgar sig

Eitt símtal 560 5000...

Yfir 24 þúsund íslenskar fjölskyldur hafa valið F plús viðtæku fjölskyldutrygginguna og nýtt sér kosti hennar. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 560 5000 eða á heimsíðu okkar, www.vis.is.

* Nánari upplýsingar í skilmálium félagsins.

...og þú færð m.a.

- Viðtæka fjölskyldutryggingu
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum
- Viðtæka ferðatryggingu
- Aðgang að ýmsum tilboðum
- og margt, margt fleira



bar sem tryggingar
snúast um folk

Foringjaefnið

Kristján Óskar Ásvaldsson

Hann er ekki staddur með Bretum og Bandaríkjum önnur í stíðsbrölti í Írak sem betur fer. Hann er eitt besta foringjaefni landsins í æskuher skíðagöngunnar. Hann er staddur á landsmóti fyrir norðan, á Akureyri, þegar við tökum hann tali og við byrjum á því að spryra hann spjörunum úr eða næstum því.

Hver ertu?

Ég heiti Kristján Óskar Ásvaldsson, er nafnirðingur, á heima á sveitabænum Tröð í Önundarfirði.

Hverra manna ertu?

Helga Dóra Kristjánsdóttir er móðir mína, hún er fædd og uppalin á Ingjaldssandi. Pabbi er Ásvaldur Magnússon, fæddur að Ökrum í Reykjadal. Hann bjó þó fyrstu 5 til 6 árin á Flateyri og síðan að Tröð þar sem ég og fjölskylda mína búum í dag þ.e. mamma, pabbi, Ásta og Eyvindur Atli.

Út á hvað gengur lífið hjá þér?

Það er ósköp einfalt. Að æfa og æfa, á sumrin, haustin og veturna. Á sumrin veiði ég líka mikið á flugustöng í ánni minni.

Hver er áin þín?

Bjarnadalsá, þar hefur maður veitt nokkra fiskana.

Nú er ungt fólk alltaf að bíða eftir einhverju spennandi. Eftir hverju bíður þú núna?

Að verða 17 ára og auðvitað bíð ég spenntur eftir að fá bílþrófið.

Hver kom þér á sporið? Hverjir eru lærifeður þínir í sportinu?

Þetta byrjaði allt hjá okkur krökkunum þegar Kjell Hymer kom hingað í Önundarfjörðinn. Hann hefur unnið stórvirki.

Hvað var svona merkilegt við hann?

Áður en hann kom voru engir krakkar á gönguskíðum í Önundarfirði. Það var hann sem kom okkur öllum inn í sportið.

Hafði hann verið að keppa sjálfur?

Eitthvað kannski en það er bara með hann eins og flesta norðmenn, þeir hafa löngum verið þekktir fyrir það að vera mikið á göngugarpar.

Nú varstu valinn til að keppa á Vetrarleikum Olympíuháttar Evrópuæskunnar hvernig kom það til?

Já, fyrir svona ári síðan var ákveðið að ía til æfingahóp til að keppa á Vetrar-

leikunum í BLED í Slóveníu. Þrír bestu göngugarparnir á mínum aldri voru valdir til að fara og ég komst. Þetta var í lok janúar síðastliðinn. En áður höfðum við farið á samæfingar til Reykjavíkur.

Hverjir voru hinir sem kepptu fyrir Íslands hönd í BLED?

Það voru Hjörvar Maronsson og Hjalti Már Hauksson báðir frá Ólafsfirði og svo fór líka ein stelpa með okkur, Elsa Guðrún Jónsdóttir líka frá Ólafsfirði.

Hvernig gekk?

Í hefðbundnu göngunni var ég númer 76 og í skautagöngunni gekk nú ekki alveg nágu vel. Ég var númer níutíu og eitthvað. Ég var nú ekkert búinn að fara á skíði fyrir leikana, meðan allir hinir keppendurnir voru búin að vera á skíðum í einhverja mánuði. Ólafsfirðingarnir fóru t.d. til Noregs í hálfス mánaðar æfingabúðir fyrir leikana. Miðað við það að þetta var fyrsta skiptið sem ég steig á skíði í vetur þá var þetta bara góður árangur en ég þarf að slípa tæknina aðeins betur til.

Hver þjálfar þig og í hverju felst þjálfunin?

Þjálfarinn minn er ameríkumaðurinn Mike og hann er mjög fínn. Ekki má gleyma Heimi Hanssnyi sem hefur verið míni stoð og stytta. Það fer lítið fyrir honum, hann er frábær félagi og góður vinur. Þjálfunin snýst bara mikið um að stunda sitt sport samviskulega, að vinna vel úr sjálfur, vera úti að hlaupa og á hljólastíðum. Svo er frábært að eiga góða félaga í greininni, nágranna minn Jakob Einar Jakobsson sem nú er að æfa úti í Noregi, Markús Þór Björnsson og Óla Th. Árnason.

Það þarf mikinn sjálfssaga til að vera sjáfs síns herra í þessu?

Já, maður þarf að hafa mikinn aga.


Hvert stefnir þú?

Bara sem lengst. Ég reyni kannski að sækja um í skóla í Noregi eftir eitt ár og ef maður kemst þangað inn þá er aldrei að vita. Það eru gerðar miklar kröfur til nemenda sem sækja í þessa skóla, sérstaklega ef það eru útlendingar.

Hvaða skóla ertu að tala um?

NTG skóla. NTG stendur fyrir „Toppiderettsgymnas“ og þið getið séð allt um þá á slóðinni <http://www.ntg.no>

Hvers konar skóla erum við að tala



um?

Topp skíðamenntaskóla.

Hvaða áhugamál áttu fyrir utan skíðin?

Nú auðvitað veiðina á sumrin, tölvuna mína og það kemst nú bara ekki margt annað að...jú annars skólinn.

Komast stelpur eitthvað fyrir í þessu plani?

Nei, nei, nei....annars....jú, jú, jú....þær komast sko alveg fyrir og þvælast örugglega ekkert fyrir mér.

Ferðu oft á Ingjaldssand?

Fjölskyldan hennar mömmu á sumarbústað þar og það er svo sem ekki langt að fara. Maður fer þangað nokkrum sinnum á sumrin.

Hefur þú góða fyrirmynnd í sportinu?

Nú það eru auðvitað Björn Deli og strákarnir úti í Noregi.

Framtíðardraumar? Framtíðarland?

Framtíðarlandið er auðvitað Ísland og svo hefur Noregur nú bæst í hópinn. Framtíðardraumarnir felast nú fyrst og fremst í að geta lært og þjálfað skíðin á einum og sama stað.

Það verður athyglisvert að fylgjast með þessu unga foringjaefni í æskuher skíðagöngunnar í framtíðinni. Við óskum honum gulls og grænna skóga!!!

Frelsið

Kæri skíðaunnandi.

Pú þekkir ábyggilega tilfinninguna þegar stigið er á svigskíðin eftir langt hlé. Svo rennir maður sér niður brekuna og vindurinn strýkur kinnarnar. Hraðinn eykst og þú beygir til haegri og vinstri, sveiflar þeir til og frá og þá kemur þessa yndislega tilfinning að vera frjáls, skíðandi á ferð og flugi. Eða þegar gengið er á gönguskíðum uppi á fjallsheiði. Tignarleg fjöllin blasa við í allri sinni fegurð og ekkert heyrst nema örlitið marr í skíðunum. Og þú finnur þessa frelsistilfinningu í brjósti þér þegar gengið er á vit íslenskrar náttúru að vetri til. Það er yndislegt að vera á skíðum.

Allir menn eru fæddir frjálsir í þeirri merkingu að hafa sjálfstæðan vilja til að velja á milli góðs og ills eða ráðstafa tíma og kröftum sínum á þann veg, sem þeir kjósa. Frelsið er ein dýrmætasta eign mannsandans og það, sem skilur hann frá öðrum dýrum jarðarinnar. En öllu frelsi fylgir líka ábyrgð. Þegar þú rennir þér á skíðum niður brekku þá berð þú ábyrgð á



Sr. Magnús Erlingsson

því að horfast í augu við ábyrgð sína. Menn yppta öxlum og segja líkt og Kain forðum: „Á ég að gæta bróður míns!“ Frjálsræði í kynlífsmálum, - sem er jákvætt í sjálfa sér, á sér því miður þá skuggahlið að hér á Íslandi hefur klám aukist í seinni tíð. Klámið lítur ekki á annað fólk sem meðbræður og –systur heldur sem hluti og viðfang, sem þú nýtir þér til að svala þinni fýsn. Þannig brýtur klámið niður virðinguna fyrir öðru fólk. Klám er brot á mannhelgi fólks. Það eykur líkurnar á nauðgunum og kynferðislegu ofbeldi. Nýleg umræða um lögleiðingu fíkniefna er á svipuðu plani. Þar er hamrað á frelsi einstaklingsins en aldrei minnst á að glæpatíðin er verst í þeim borgum Evrópu þar sem eiturlyfjalögjöfin er frjálsust.

Eins og menn hafa umferðarreglur bæði á skíðum og þegar ekið er eftir vegum landsins eins þarf líka að hafa umferðarreglur í mannlegum samskiptum. Þær umferðarreglur heita í daglegu tali boðorð og þar er grundvallarreglan sú að taka tillit til annarra. Eða svo vitnað sé í Gullnu regluna: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Að hafa þetta í hávegum er að standa vörð um frelsið.

Magnús Erlingsson.
Sóknarprestur á Ísafirði

Gospelkór Vestfjarða Heldur stórtónleika með hljómsveit Í Ísafjarðarbíói – Sumardaginn fyrsta 24. apríl n.k. kl. 20:30



Gospelkór Vestfjarða lengir nú Skíðaviku Ísfirðinga með því að halda stórtónleika í Ísafjarðarbíói, Sumardaginn fyrsta, 24. apríl n.k. og hefjast tónleikarnir kl. 20:30. Kórinn er rétt að verða fjögurra mánaða gamall og kórfélagar eru nú um 25-30 manns á öllum aldri frá Bolungarvík, Ísafirði, Flateyri og Súgandafirði. Á efnisskránni eru bæði ný og eldri lög sem kórinn hefur verið að syngja. Stjórnandi kórsins að þessu sinni er Vigdís Garðarsdóttir. Hingað til hefur undirleikur verið á píanó en að þessu sinni er fullskipuð hljómsveit sem annast hann. Ingvar Alfreðsson er píanóleikari kórsins, gítarleikari er Halldór Pálsson, bassaleikari Hlynur Kristjánsson og Hörður Birkisson lemur húðir. Vonast kórfélagar til að fylla Ísafjarðarbíó af kraftmikilli trúartónlist og söng með góðum stuðningi af fullu húsi tónleikagesta. Allir eru hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Forsala aðgöngumiða er í síma 898-6489 eftir kl. 15:00 á daginn. Miðaverð er kr. 1.000,-.

Dagskrá Skíðaví

Dagur

Miðvikudagur 16. apríl

- 17:00 Setning Skíðaviku á Silfurorgi
18:00 Sprettganga Núps í Hafnarstrætinu!



Fimmtudagur 17. apríl

- 13:00 Opnun Skíðaminjasafns í skíðaskálanum Tungudal

Þar gefur að líta sögu skíðaiþróttarinnar í máli og myndum auk muna frá þekktustu kempum Ísafjarðar í gegnum tíðina.

13:00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal

Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

15:00-17:00 Íþróttadagur fyrir almenning á Þingeyri.

Íþróttahúsið á Þingeyri verður opnið frá 15:00 - 17:00. Hægt verður að fara í sauna, sund og í íþróttasal þar sem verður boðið upp á spinning streetball og kraftlyftingar. Aðgangseyrir kr. 650. Nánari upplýsingar í síma 456-8375.

ÍRAFÁR!

Tónleikar fyrir börn og unglings styrktir af Hraðfrystihúsini Gunnvör! Félagsheimilið Hnífsdal.
Aðgangseyrir kr. 500.-

Föstudagur 18. apríl

Furðufatadagur í Tungudal !

12:00 Útimessa í Tungudal (háð veðri)

12:30 - 13:30 Skíðagöngukennsla Seljalandsdal

Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

13:30 Sælgætisregn í Tungudal

Krakkarnir ærast er vængjuðum karamellum rignir af himnum ofan... Ómissandi á Skíðavíkunni!

14:00 Tvíkeppni - rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum

Aldagömum tvíkeppni í göngu og rennsli sem endurvakin var á Skíðaviku 2001. Allir hvattir til þátttöku en virðulegur klæðnaður er áskilinn. Keppni sem vakið hefur mikla athygli!

14:30 Grillveisla á furðufatadegi í Tungudal

Þeir eru mættir aftur furðufuglarnir með kók og bestu pylsur í heimi.

Írafár mæta í Tungudal!

15:00-17:00 Íþróttadagur fyrir almenning á Þingeyri.

Íþróttahúsið á Flateyri verður opnið frá 15:00 - 17:00. Salur og laug kr. 400. Sund, sauna, heitur pottur og aðgangur að íþróttasal. Aðgangseyrir kr. 400. Nánari upplýsingar í síma 456 7738

15:00 Boardercross móti Swatch og Brettafélags Íslands

Íslandsmeistaramót í Boardercross sem er einskonar þrautakeppni á snjóbrettum, þar sem margir keppendur eru ræstir í einu og þurfa að renna sér niður krefjandi braut. Mjög skemmtilegt að horfa á. Skráning á mótið er á vefnum www.bigjump.is

17:00-20:00 Edinborgarhúsið - Tært og einlægt.

Opnun samsýningar Dagnýjar Þrastardóttur og Reynis Þorðasonar.

Þavíkunnar



Laugardagur 19. apríl

10:00 50 km. Skíðaganga

Prufukeyrsla á nýju Fossavatnsgönguleiðinni.

11:00-17:00 Flóamarkaður JC Vestfirðir í Vestrahúsínu.

12:30 Páskaeggjamót Samskipa

Keppt verður í göngu á Seljalandsdal og samhliðasvigi í Tungudal. Hápunktur Skíðavíkunnar hjá yngstu kynslóðinni. Allir krakkar fæddir 1990 og yngri velkomnir til þátttöku. Foreldrar mega renna sér með þeim yngstu.

15:00 Skíðaævintýri í Önundarfirði

Björgunarsveitarmenn sjá um að draga skíðamenn frá Seljalandsdal yfir Vestfjarðahásléttuna. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í suna á Flateyri. Ferð sem hefur heppnast mjög vel. Verð kr. 1.000.- Umsjón: Rúnar Óli Karlsson. Nánari upplýsingar í síma: 869-7557.

15:00-17:00 Íþróttadagur í Íþróttahúsínu Torfnesi

Árni Heiðar Ívarsson íþróttakennari verður með íþróttadag fyrir krakka á öllum aldri. Farið verður í fótbolta, ýmiskonar leiki. Auk þess verður trampolín og fleira fyrir krakkana til að spreyyta sig á. Húsið opað til kl. 18:00. Aðgangseyrir kr. 400. Nánari upplýsingar í síma 895 9241.

16:00 Sound of Music / Söngvaseiður

Pöntunarsíminn er 691-0383. Sýnt að Sindragötu 11 (Sundatangi / Sultartangi) Miðaverð: Fullorðinsmiði 2.500, Öryrkjar og ellilífeyrisþegar 2.000, 13-18 ára 2.000, 7-12 ára 1.500, 3-6 ára 1.000.

Sunnudagur 20. apríl

10:00 Páskaferð í Jökulfirði

Um Páskana verður boðið uppá gönguskíða- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Lagt verður af stað kl. 10:00 á Páskadagsmorgun, þann 20. apríl og siglt norður í Leirufjörð. Þar verða skíðagöngumenn settir í land og ganga þeir með leiðsögumanni léttá gönguleið yfir í Grunnavík (3 - 4 klst). Þeir sem ekki vilja ganga á skíðum, sigla áfram með bátnum í skodunarferð um Jökulfirði og fara á land í Grunnavík, þar sem þeir sameinast göngumönnum í kaffi, kakódrykk og meðlæti í Sútarabúð. Lagt verður af stað til Ísafjarðar um klukkan 17:00. Heildarverð, sigling, leiðsögn og veitingar er 3800 krónur á mann. Upplýsingar og bókanir í síma 456 3879 eða síma 892 1879.

12:00 Garpamótið í göngu á Seljalandsdal

Þetta er keppni mestu göngugarpa landsins! Allir garpar hvattir til að taka þátt.

13:30 Garpamótið í Svigi í Tungudal.

Keppni sem allir taka alvarlega! Kynnir er hinn landskunni Halldór Hermannsson.

Mánudagur 21. apríl

20:00 Sound of Music / Söngvaseiður

Pöntunarsíminn er 691-0383. Sýnt að Sindragötu 11 (Sundatangi / Sultartangi). Miðaverð: Fullorðinsmiði 2.500, Öryrkjar og ellilífeyrisþegar 2.000, 13-18 ára 2.000, 7-12 ára 1.500, 3-6 ára 1.000.

Dagskrá Skíða

Kuöld



Miðvikudagur 16. apríl

20:00 Sound of Music / Söngvaseiður

Pöntunarsíminn er 691-0383. Sýnt að Sindragötu 11 (Sundatangi / Sultartangi). Miðaverð: Fullorðinsmiði 2.500, Öryrkjar og ellilífeyrisþegar 2.000, 13-18 ára 2.000, 7-12 ára 1.500, 3-6 ára 1.000.

20:00 Banff Mountain Film Festival.

Kanadísk kvíkmyndahátíð sem hefur farið sigurför um heiminn. Sýndar verða raunverulegar stuttmyndir af snjóbrettabréjálæðingum, fjallaklifrurum, kajakferðum niður erfiðar ár, fallhlífastökki, hjólfreiðum og fleira. Tvær íslenskar myndir verða líka sýndar. Tveggja tíma skemmtun sem fær hárin til að rísa. Aðgangseyrir kr. 800.

Til 03:00 Sjallinn - Opnunarkvöld Páskafjörsins

23:00-03:00 Kaffi Ísafjörður - Hljómsveitin 2 dónaleg haust

Fimmtudagur 17. apríl

17:00 Ísafjarðarbíó - Nói albínói

ÍRAFÁR! Tónleikar fyrir börn og unglings styrktir af Hraðfrystihúsínu Gunnvör!

Félagsheimilið Hnífsdal - Aðgangseyrir kr. 500.-

18:00-00:00 SKG - Veitingar á Hótel Ísafirði; Mannakorn -

Veglegur matseðill, ostahlaðborð.

20:00 Píanótónleikar í Hömrum - Anna Áslaug Ragnarsdóttir

21:00 - 24:00 Krúsin - Jazzkvöldvaka

Villi Valli, Baldur Geirmunds, Gunnar Hólm, Maggi Reynir og Óli Kristjáns. Miðapantanir í síma 456-4505.

Til 24:00 Sjallinn - Páskapöbbinn - Hljómsveitirnar Írafár og Ber Unplugged

20:00-23:30 Kaffi Ísafjörður - lifandi tónlist

Föstudagur 18. apríl

20:00 Sound of Music / Söngvaseiður

Pöntunarsíminn er 691-0383. Sýnt að Sindragötu 11 (Sundatangi / Sultartangi). Miðaverð: Fullorðinsmiði 2.500, Öryrkjar og ellilífeyrisþegar 2.000, 13-18 ára 2.000, 7-12 ára 1.500, 3-6 ára 1.000.

19:00-04:00 Krúsin - BG Show

Söngdagskrá fyrir matargesti. Matur, Skemmtun og Dansleikur. Miðapantanir í síma 456-4505.

00:00-04:00 Félagsheimilið í Hnífsdal - Írafár

00:00 - 04:00 Sjallinn - Hljómsveitin Ber - 16 ára ball

00:00-04:00 Kaffi Ísafjörður Trúbadórið Siggi Björns

ávikunnar



Laugardagur 19. apríl

Skíðanótt í Tungudal

Það er kominn hefð fyrir því að á laugardeginum fyrir páskadag sé haldin skíðanótt í Tungudal. Þá eru kveiktir varðeldar, settir upp stökkpallar, tónlist er í fjalllinu, flugeldasýning og svo auðvitað lyfturnar opnar. Stefnt er að því að vera með myndasýningu sem varpað verður á vegg skíðaskálans. Allir velkomnir.

18:00 SKG - Veitingar á Hótel Ísafirði; Mannakorn -

Veglegur matseðill, ostahlaðborð.

19:00 - 03:00 Krúsin - Páskadjassinn. Jazzskemmtun fyrir matargesti.

Villi Valli og félagar. Matur, Skemmtun og Dansleikur. Miðapantanir í síma 456-4505.

23:00-03:00 Kaffi Ísafjörður - Hljómsveitin 2 dónaleg haust

23:00-03:00 Sjallinn - Hljómsveitin Ber

Sunnudagur 20. apríl

19:00-04:00 Krúsin - BG Show - Söngdagskrá fyrir matargesti.

Matur, Skemmtun og Dansleikur. Miðapantanir í síma 456-4505.

22:00 Vagninn Flateyri - Söngvarakeppni. Vegleg verðlaun. Peter's Corner leikur fyrir dansi langt fram á Sumardaginn fyrsta.

23:00-03:00 Kaffi Ísafjörður - Kántrýhljómsveitin Unaðsdalur

23:00-03:00 Sjallinn - Hljómsveitin Ber

Mánudagur 21. apríl

20:00 Sound of Music / Söngvaseiður

Pöntunarsíminn er 691-0383. Sýnt að Sindragötu 11 (Sundatangi / Sultartangi). Miðaverð: Fullordinsmiði 2.500, Öryrkjar og ellilífeyrisþegar 2.000, 13-18 ára 2.000, 7-12 ára 1.500, 3-6 ára 1.000.

Messur

Fimmtudagur 17. apríl

- 11:00 Fermingarmessa í Hólskirkju
- 14:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju
- 20:30 Messa í Hólskirkju

Föstudagur 18. apríl

- 12:00 Útimessa í Tungudal (háð veðri)
- 16:00 Messa á Fjórðungssjúkrahúsini á Ísafirði

Sunnudagur 20. apríl

- 9:00 Messa og altarisganga í Ísafjarðarkirkju
- 9:00 Hátíðarguðsþjónusta í Hólskirkju
- 11:00 Messa og altarisganga í Hnífsdalskapellu
- 11:00 Messa og altarisganga í Suðureyrarkirkju
- 14:00 Messa og altarisganga í Súðavíkurkirkju



af Elíasi Sveinssyni

Það var á landsmóti á Siglufirði '67 að Elías Sveinsson tjáði mönnum það að hann hefði haft slíkt rennsli að hann rann fram úr öllum Fljótamönnum en því miður þá var rennslið slíkt að það tafði fyrir honum í öllum beygjunum.


Þegar í mark var komið fóru Fljótamenn að ræða um hraðann á Elíasi og hafði hann svar á reiðum höndum og tjáði þeim að þeir hlytu að hafa strokið rennslisáburði á skíðin öfugan veginn.

af Óskari Kárasyni og Presti Jóhannssyni

Menn voru að ræða um form og þrek og hve fljótir sumir væru að ná sér í form, þá verður Óskari Kárasyni að orði að Pröstur sé engum líkur, hann þurfí einungis að lykta af gönguskíðunum, þá væri hann kominn í form.

af Gunnari Péturssyni

Ísfirðingar hafa aldrei þótt góðir skíðastökkmenn en þó barst sú saga til Siglufjarðar að Gunnar Pétursson hefði stökkið 44 m þann veturninn þá varð einum Sigl-



firðingi, skíðastökkvaranum (Geiri Sigurjóns) að orði, „var þetta nokkuð innahúss“

af Kristjáni Rafni (Kitta Muggs)

Kristján var sem oftar að keppa í Fossavatnsgöngunni, þetta var á þeim tíma áður en göngin voru komin og akfært var yfir bæði Breiðadals- og Botnsheiði. Alltaf þurfti að moka snjó yfir veginn til að hleypa skíðamönnum yfir, bíll var þar fastur í þessum snjókafla og bólvaði bílstjórinn all svakalega og kallaði í Kitta. Kitti er nú ekki aeingamaður, lítur upp og kallar til baka, „Heyrðu félagi, er ekki allt í lagi með þig. Veistu það ekki að það er ekki mokstursdagur í dag“ og brunaði af stað aftur.

sekundur í start. Allir fylgdust með þessari miklu hóþyvinnu, tveir krupu í snjónum til að koma Óskari á skíðin og aðrir héldu á stöfum og hlupu með honum af stað í átt að ráslínunni sem var um 20 m fyrir framan þegar 10 sekundur voru í startið. Þá missir vinurinn af öðrum stafnum og þarf að stoppa til að ná honum og ræsirinn byrjar að telja 5-4-3-2-1 en það passaði alveg að þega sagt var „af stað“ stóð ísfirski keppandinn á ráslínunni á réttum stað í röðinni á milli hinna keppandanna, en þar sem Óskar hafði komið framanfrá þá snéri hann öfugt í röðinni með bakið í þá átt sem hinir keppendurnir þustu nú í. Þetta var nokkuð vandræðalegt en er Óskar stóð nu einn eftir snéri hann hratt og örugglega við og lagði nú allt sem hann átti til í startið. En spyrnuskíðið „fattaði ekki“ áburðurinn hélt ekki þessari ofurspryrnu á vinstri fæti og skíðið gekk langt aftur og hátt á loft og þegar fóturinn kom til baka lendir skíðið hægra megin við hægra skíðið eða öfugu megin og Óskar fellur við. Nokkrar sekundur tók nú að standa upp og leiðréttu þessa fótstöðu aftur og eftir það vorum við komnir á fullt í boðgönguna, að vísu nokkuð á eftir til að byrja með. Ekki unnu Ísfirðingar boðgönguna í þetta sinn en það var ekki bara startinu að kenna, Ólaffsfirðingarnir voru ótrúlega góðir á þessum árum.

PrJ

af boðgöngustartinu

Það var á Skíðamóti Íslands á Akureyri fyrir um 20 árum að stillt var á ráslínuna í boðgöngu karla 3 x 10 km, en þá eru fyrstu menn í hverri sveit ræstir samtímis. Búið var að draga um röðina frá hægri til vinstri og nokkru fyrir keppni fóru menn að hita upp og er 2 mínútur voru í start og allar sveitir komnar með fyrstamann að ráslínunni nema á einum stað í röðinni vantaði mann, Ísfirðinginn og klukkan gekk. Fyrir sveit Ísafjarðar átti að fara fyrsta sprett Óskar Kárason, sem nú var heldur seinni fyrir en vanalega. Hann þurfti skyndilega að bregða sér frá og pissa svona rétt fyrir startið. Þegar hann kom til baka um einni mínútu fyrir start hlupu nokkrir félagar hans til og lögðust nú allir á eitt að koma okkar manni á ráslínuna. Er Óskar birtist kom hann að rásmarkinu framan frá og var enn í utanyfingallanum. Nú gengur mikið á er hann áttar sig á tímanum og rifur af sér stafi og skíði til að fara úr buxum og blússu og þegar því var lokið voru um 20

af 2,15 m keppninni

Kristján Rafn er þekktur skíðagöngumaður og fer ár eftir ár í 90 km lang Vasagönguna í Svíþjóð, ásamt fjölda annarra keppna. Ekki hafa þó allar keppnir Kristjáns verið langar. Á Bikarmóti SKÍ í Hveradölum fyrir 25 árum komst hann 2,15 m eða eina skíðalengd þegar hann hætti keppni.

Þetta gerðist þannig að þegar kom að honum að starta í 15 km göngu í karlaflokkji þá brá hann svo hart við að annað skíðið varð eftir á ráslínunni. Hann reif bindinguna af skíðinu og gekk um á öðru skíðinu en með bindinguna fasta á skónum á hinum fætinum. Þar sem bannað er að skipta um skíði í göngukeppnum þá varð þetta stytta kappganga sem frést hefur af.

PrJ

Ferðasaga 13-14 ára alpakraakka til Siglufjarðar

Við lögðum af stað til Siglufjarðar kl 10:15 þann 14 mars.

Við fórum á þrem bílum þangað og stoppuðum á brú kl 14:30 til að fá okkur að borða, síðan kl 16:15 var stoppað á Blönduósí til að þrífa bílana. Allir voru að fríka út í stuði og nammiáti sem ekki er sniðugt svona rétt fyrir móti!

Við vorum 11 krakkar: Arnar Friðrik, Óskar Águst, Agnes Eir, Anna María, Ásthildur Margrét, Dagný, Guðrún Hulda, Hildur María, Katrín Elva, Ólöf Anna og Þóra Mary, síðan voru 4 farastjórar til að hafa hemil á okkur, þeir voru: Albert, Guðjón, Sveinn og Önundur.

Það var nánast sól alla leiðina frá Súðavík. Reynt var að miðasendast í gegnum glugga en heppnaðist ekki alveg því þeir fuku alltaf í vitlausa átt!

Við vorum komin kl 18:00 til Siglufjarðar, þá fórum við þangað sem við gistum og komum okkur fyrir, síðan fórum við að borða pizzur í bíóinu. Flestum fannst pizzurnar ekkert sérlega góðar nema farastjórunum. Þegar við vorum búin að borða fórum við í sund og skemmtum okkur mjög vel!

Um tólfleitið bönnuðu strákarnir okkur að borða meira nammi svo við myndum ekki falla á lyfjaprófi svo við fórum bara að sofa.

Um morguninn vöknudu allir kl 7:00 nema Hildur og Guðrún, þær voru vaktar með trommum sem strákarnir fundu í húsinu sem við gistum.

Við dressuðum okkur síðan upp og fórum að borða morgunmatinn sem var að Hóli, sem er rétt hjá fótboltavellinum. Eftir það fórum við upp í fjall að skoða brautirnar, stelpur í svigi og strákar í stórvigi.

Svo var keppni hafin og gekk bara særilega. Fórum heim í hús um hálf fjögurleitið og drifum okkur í sund áður en lokaði.

Þegar við nenntum ekki að vera lengur í sundi fórum við bara uppúr og röltuðum um bæinn þar til maturinn byrjaði (kl 19:00) Það var kjúklingur í matinn sem bragðaðist bara særilega.

Leigðum síðan videospólu og horfðum á en kláruðum ekki því myndirnar sem við leigðum voru ekkert spes. Fórum þá út á bæjarrölt. Á meðan fóru farastjórarnir að bræða undir skíðin okkar, en við fórum inn



15/03/2003

kl 22:00 því að yfirlöggregluþjónninn sjálfur var með sem farastjóri.

Katrín, Agnes, Ásthildur og Dagný sofnuðu snemma svo að það var tilvalið að stríða þeim pínulítið. Við læddumst til þeirra og tókum símann hennar Katrínar, vekjaraklukkan á honum var stillt á kl 7:00 en við breyttum í kl 5:00 svo hún vaknaði þá og allir kenndu henni um þessi mistök þar til við sögðum henni frá þessu og hafði hún gaman af.

Byrjuðum sunnudagsmorguninn á því sama nema við pökkudum örlítið niður. Fórum upp í fjall eftir morgunmat og skoðuðum brautirnar, nú voru stelpur í stórvigi en strákar í svigi.

Fórum heim í hús og kláruðum að pakka niður. Á leiðinni út úr bænum stoppuðum

við á bensínstöð og keyptum ís og bensín, gripum nokkur fréttablöð í flýti og hoppuðum inní bíl.

Á leiðinni til baka fríkuðum við út á ennþá meira nammiáti og hefðum pottþétt fallið á lyfjaprófi. Mundum þá að við hefðum gleymt svölunum í frysti og bandi til að geta miðasent á milli bíla, sem tókst ekki alveg á leiðinni til Siglufjarðar.

Við stoppuðum í Brú kl 19:00 og fengum okkur að borða. Eftir smá stopp var lagt aftur í hann og komum við heim kl 23:30.

Eftir þetta móti höfum við komist að því að við erum með BESTA skíðasvæðið á landinu og Jói Torfa er að gera það gott!



15/03/2003



Hún er hæglát og einbeitt, ljúf og brosmild, róleg og stendur fyrir sínu. Hún er elsti unglingsurinn sem æfir alpagreinar í Skíðadeild Ísafjarðar 16 ára gömul og lætur ekki deigan síga. Ég er að tala um Sigríði Heiðu Kristjánsdóttur. Ég mæli mér móti við Heiðu, nafninu sem hún svarar dagsdaglega.

Hvaðan ertu?

Ég er fædd á Akranesi en bjó í Reykjavík þar til fyrir 6 árum eða þar til ég fluttist til Bolungarvíkur.

Hvaðan ertu ættuð?

Föðurfólkið mitt er frá Akranesi og móð-



Heiða tveggja ára brosir framan í lífið.

Sigríður Heiða Kristján dóttir

urfólkið úr Vestmannaeyjum.

Hvað getur þú sagt mér um sjálfa þig?

Ég er á fyrsta ári í Menntaskólanum á Ísafirði. Áhugamálin eru skíði og síðan hef ég æft sund og keppt í sundi þegar skíðin eru ekki í gangi. Ég er búin að vera í um 7 ár í tónlistarskóla að læra á píanó en hætti núna um áramótin, fannst ég ekki hafa nægan tíma til að sinna tónlistarnáminu. Ég les mikið. Fyrir utan það sem ég les í skólanum verða ýmsar bækur fyrir valinu er t.d. að lesa núna „Bridget Jone's diary“. Ég var einu sinni í kór en núna syng ég bara í sturtu.

Hvernig systir ertu?

Ég held ég sé alveg ágæt systir. Ég er ekkert ótrúlega vond við hana Dagnýju eða Brynjar bróðir minn. Hann er auðvitað

Hvað finnst þér um fíkniefnaneysluungs fólks?

Ég algjörlega á móti fíkniefnaneyslu, maður á bara eitt líf.

Æfðir þú skíði fyrir sunnan?

Ég var búin að æfa með Ármanni í svona 2 ár áður en ég fluttist hingað.

Var mikil fyrirhöfn að komast á æfingar hjá Ármanni?

Nei. Mamma og pabbi stunduðu skíðin svo mikið með mér og Dagnýju systur minni þannig að við systurnar græddum á skíðaáhuga þeirra.

Hvernig hefur þér gengið í keppnum?

Á innanfélagsmótum vorum við alltaf þrjár hér áður, ég, Birna Pálsdóttir og Jónína Guðbjartsdóttir. Við skiptumst eiginlega bara á að vera í toppsætinu. Í dag



Jónína Guðbjartsdóttir, Heiða og Birna Pálsdóttir á verðlaunapalli.

deakraður og við systurnar hjálpumst að.

Hvernig dóttir ertu?

Ég er sko ekki mesti vandræðaunglingur sem finnst og ég passa þegar þarf.

Hvað er unglingsvandamál?

Hlær.....ekki ég.

sigra ég hvert mótið á fætur öðru þar sem ég er bara eina stelpan í mínum aldursflokk. Ég hef farið tvívar á pall á Andressar Andar leikum en annars hefur bara gengið upp og niður.

SKÍÐABLAÐIÐ 2003

Frá vinstri: Heiða, Kristín, Ingibjörg, Arndís, Svala, Birna, Alberta og Svava.

Af hverju fluttist þú hingað vestur ?

Pabbi er að vinna hjá Ratsjárstofnun og var að vinna í Keflavík. Það var óskað eftir því að hann tæki stöðu á Bolafjalli og það var úr, fjölskyldan fluttist búferlum vestur.

Hvernig var það ?

Hmm....heyrist í Heiðu, greinilega hugsi. Það var alls ekki erfitt því að ég eignaðist vinkonur eiginlega um leið og ég kom hingað, allir voru voða vinalegir.

Hefur sú vinátta haldist ?

Já, þær sem ég kynntist hér í 5. bekk eru allar góðar vinkonur mínar ennþá.

Hvað finnst þér sérstakt við að búa hér ?

Það er náttúrulega kostur að maður þekkir alla, það er þægilegra. Hér fylgir líka mikið meiri útivera. Maður labbar miklu meira hér en fyrir sunnan og er nær skíðasvæðinu. Það er rosalega mikill kostur.

Hvernig finnst þér skíðasvæðið hér samanborið við önnur ?

Þetta er frábært skíðasvæði og maður heyrir að þetta sé eitt af bestu skíðasvæðum á landinu. Ég læt auðvitað utanaðkomandi vita af því að þetta er ótrúlega góð aðstaða.

Ertu komin hér til að búa ævilangt ?

Nei ég efast um það. Mig langar til að fara fljótlegra og klára menntaskóla fyrir sunnan, samt veit maður aldrei.

Fyrir sunnan ? Afhverju ekki að klára í MÍ ?

Mig langaði alltaf að byrja í skóla fyrir sunnan en svo varð auðvitað ekkert úr því. Síðan held ég bara að mig langi til að breyta til.

Eru ekki nægilega sætir strákar hérna ?

Oh.....Pálína.....jú, jú maður veður alveg í strákum hérna en það er alltaf meira úrvall fyrir sunnan.

Hvað heldur þú að þú endist lengi í þessu ? Verður þú kannski Tina Turner alpaíþróttanna ?

Kannski fæ ég bara ógeð á þessu eftir þennan vetur og hætti.....nei.....það er miklu auðveldara að hafa mömnu og pabba lagið á þessu og vera börnunum sínum stuðningur og góð fyrirmund. Ef það hefði ekki verið fyrir þau þá hefði ég aldrei byrjað á þessu.

Hvert stefnir hugurinn í framtíðinni?

Ég er að fara á viðskiptabraud í skólanum og svo.....úff.....verður bara að koma í ljós hvað ég geri. Framtíðar draumurinn er að skýrast.



Gefðu þér tíma

Hversu oft hefur þú ekki óskat þér að þú gettið vætt svalltum auká tíma í útlahringine sem þú hefðir bara fyrir þig. Það varin gott að sökkva sér í góða bök, fara í göngufür með fjölskyldunni, taka 18 holur, eða bara sloka d.

Landsbankinn býður þér 3 einfaldar leiðir til að fækka þeim stundum sem fara í daglegt stress svo þú getti gefið þér meiri tíma til að gera eitt hvad sem þér finnast skemmtilegt.

Vardan
Heildarfjármálaþjónusta
með þarfir þínar að leiðarlösi.

Greiðsluþjónusta
Við borgum reikningana
fyrir þig

Einkabankinn
Öll þín bankavíðsupti á neinu
þegar þér hentar.

Hringdu í sínu 360 8050. Komdu í næsta útrou
Landsbankans eða láktu á www.landbanki.is



Landsbankinn

Tært og einlægt

Tært og einlægt er yfirschrift samsýningar sem opnuð verður í Edinborgarhúsinu 2. hæð kl. 17:00 á Föstudaginn langa, 18. apríl n.k. Á sýningunni munu Dagný Þrastardóttir og Reynir Torfason bæði Ísfirðingar í húð og hár sýna verk sín. Dagný glóðvolga framleiðslu úr gleri og Reynir rétt svo þornuð olíuverk.

Skíðablaðið leit við í heimsókn hjá þessum sérstædu Ísfirsku listamönnum og langaði helst að fara að vinna í eigin handverki að heimsókninni lokinni. Hugmynaflugið og dugnaðurinn er aðdáumarverður.

Dagný Þrastardóttir er fædd á Ísafirði árið 1963. Hún er húsgagnasmíður að mennt og hefur rekið Rammagerð Ísafjarðar síðan árið 1989.





Sýningin Tært og einlægt, sem er sölusýning, er opin 18. apríl frá kl. 17:00-20:00 og frá 19.-21. apríl frá kl. 16:00-18:00.

Ísfirðingar og nærsveitarmenn eru hjartanlega velkomnir við opnunina sem er eins og áður segir kl. 17:00 Föstudaginn langa. Skíðablaðið hvetur þá sem saman verða komnir hér fyrir vestan um Páskana að líta við ef ekki við opnunina þá að missa ekki að þessari einstöku sýningu. Eitt er víst að það mun hlýja listamönnunum um hjartarætur að sjá ykkur.

Reynir Torfason er fæddur á Ísafirði árið 1939, þar sem hann býr enn. Bæði hafa þau lagt ríka áherslu á að stunda list sína í heimbæ. 456-3041.

Til gamans má geta þess að nýjasti **vaxtabroddur Rammagerðarinnar** er útleiga á borðbúnaði fyrir veislur af ýmsu tagi. Þar er um að ræða t.d. veisluföt, matardiska grunna/djúpa/, skálar, kökudiska, ostadiska, ljós og margt fleira. Ýmislegt stórt og smátt, sniðugt í fermingarveisluna, skírnarveisluna, brúðkaupið, afmælið, kokteilboðið og hvað eina sem þér dettur í hug.






Göngugarpar Gylfa



Silja Rán Guðmundsdóttir, María Halldórsdóttir, Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir, Katrín Kristbjörnsdóttir, Sigurjón Hallgrímsson, Stefán Pálsson, Elías Jónsson, Gylfi Ólafsson þjálfari, Sigurður Páll Ólafsson og Ernir Steinn Arnarsson. Mynd Jón Þorgeir Einarsson



María Halldórsdóttir, Katrín Kristbjörnsdóttir, Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir og Silja Rán Guðmundsdóttir. Mynd Jón Þorgeir Einarsson



HÉILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARDARBÆ

Aðalsími sjúkrahúss og heilsugæslu


450 4500

Viðtöl hjá læknum
á heilsugæslustöð

Sínaviðtöl, pantið
í síma 450 4500

Viðtöl á stofu, pantið
í síma 450 4511

Upplýsingar um læknavakt helgar, kvöld og nætur 450 4500



Allir í sama liði.

Söngurinn seiðir okkur inn á Sound of music

Miðasala, er svarað hressilega í símann þegar hringt er í 691-0383. Það er Linda Björk Pétursdóttir sem svarar þegar þið pantið miða á uppsetningu Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins á Söngvaseyð, Sound of Music sem sýndur verður í Skíðavíkunni í Sultartangahúsinu.

Ung efnileg stúlka er að stíga sín fyrstu



Ingibjörg Kristín Jónsdóttir

skref á svíðinu, 9 að verða 10 ára á þessu ári. Stelpa sem var að aefna alpagreinar á skíðum í fyrra. Hún leikur Grétu og er ein af von Tramp börnunum, er yngst í þeirra hópi. Hlutverkið skiptist reyndar á milli Ingibjargar Kristínar Jónsdóttur og Agnesar Óskar Marseliusardóttur.

Við hittum Ingibjörgu á fornnum vegi og spurðum hana hvers vegna hún hefði farið í áheyrnarpróf fyrir Söngvaseyð ?

Hefur þig lengi langað til að vera söng-eða leikkona ?

Mamma mína er söngkona og mig langar að verða söngkona líka. Svo hitti ég vin-konu mína og hún sagði að ég ætti endilega að fara. Ég fór í prufuna og síðan bara heim. Seinna var hringt í mig og ég var beðin um að koma aftur, ég fór svoltíð spennit.

Hvenær fékkstu að vita að þú hefðir fengið hlutverk ?

Það var hringt í mig og ég var beðin um að mæta aftur upp í saumastofu í Tónlistarskólanum. Þar sat þeir

og allir hinir krakkarnir sem leika með mér í sýningunni. Hún spurði yfir hópinn hvort við vildum taka þátt og allir sögðu að sjálfsögðu já.

Móðir þín er Þórunn Snorradóttir, er það ekki ?

Jú. Svo á ég líka hressa langömmu sem heitir Hrefna Skagfjörð. Hún dansaði og lék í kvikmyndinni Regínu. Ég ætla að verða svona hress eins og hún, leika og dansa fram yfir átrætt.

Hefur þetta verið erfitt ?

Já svoltíð.

Að hvaða leiti ?

Erfitt að læra textann, hreyfingarnar, sönginn og svo þarf náttúrulega að munna þetta allt saman, það var auðvitað það erfiðasta.

Var ekkert erfitt að vaka og vakna í skólann ?

Nei mér fannst það eiginlega ekkert erfitt og það gekk vel að mæta í skólann.

Hvernig er nú að leika yngstu systurina. Hvernig eru eldri systkynin við þig í leikritinu ?

Rosalega skemmtileg, góð við mig allavegana. Þegar barnfóstran, hún María kemur eru þau reyndar að espa mig upp í að segja ekki nafnið mitt og hve gömul ég er, en þegar María kallar til mína "...og þú ert Gréta ?", þá hleyp ég bara til hennar. Í leikritinu viljum við ekki læra að marsera heldur viljum við bara fá að leika okkur

eins og önnur börn. María kennir okkur að leika, syngja og er ekkert að spá í marseringu.

Nú áttu yngri bróður í raunveruleikanum. Finnst þér eitthvað betra að setja þig í spor hans eftir að hafa leikið yngstu systurina í Söngvaseyð ?

Nei reyndar ekki.

Ert þú jafn góð við hann og eldri systkinin í leikritinu við þig ?

Nei segir hún og hlær stíðnislega, ég er oft góð við hann.

Myndir þú taka þátt í svona uppsetningu aftur ?

(*Ingibjörg svarar með ákafa.*) Já. Ég var einu sinni á leiklistarnámskeiði hjá honum Elfari Loga og átti að taka þátt í sýningu en ég þordi ekki, beið bara inni í herbergi á meðan hinir voru að troða upp. Nú hef ég kjarkinn, segir þessi skelegga unga dama.

Skíðablaðið hvetur alla sem lesa þessar línur til að panta sér miða á Söngvaseyð. Missið ekki af þessari frábæru uppfærslu. Það eru enn lausir miðar um Páskana !!!!!...og ef við erum dugleg að mæta verður sýnt vonandi fram á sumar.....hver veit ?

Miðaverð er kr. 2.500,- fyrir fullorðna, 3-6 ára 1.000,- kr., 7-12 ára 1.500,- 13-18 ára, öryrkjar og ellilífeyrisþegar kr. 2.000,-

